

# VÍSIR

DAGBLAÐ

Vísir kemur út 300 daga á ári, ýmist 8 eða 12 blaðsíður.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Hersteinn Pálsson

Skrifstofur blaðsins eru í Ingólfsstræti 3.

Ritstjórnarskrifstofur blaðsins eru opnar frá kl. 8,00—18,00

Aðrar skrifstofur frá kl. 9,00—18,00.

Afgreiðsla: Ingólfsstræti 3, opin frá kl. 9,00—19,00

Sími: (11660 (fimm línur)

Vísir kostar kr. 20,00 í áskrift á mánuði,

kr. 1,50 eintakið í lausasölu.

Félagsprentsmiðjan h.f.

## Borg framtíðarinnar.

Fáar eða engar höfuðborgir Evrópu hafa tekið jafnmiklu framförum á jafnskömmum tíma og höfuðstaður hins íslenska lýðveldis. Útlendingur, sem hingað kemur í dag, sér nýtzku borg með glæsilegum byggingum og flestum þægindum, sem þrýða mega borg á miðri tuttugustu öldinni, auk þess, sem Reykjavík hefir umfram allar aðrar höfuðborgir heims, hitaveitunnar. En hina erlendu getur ekki rennt grun í, að fyrir fimmtíu árum var engin höfn hér, engin vatnsveita, ekkert rafmagn, í stuttu máli engin þægindi, sem við teljum sjálfsgöð í dag. Timburhús og steinbæir, auk torfbæja, settu svip sinn á bæinn, og þá var Menntaskólinn, eða Latínuskólinn, enn ein veglegasta bygging bæjarins.

Síðan hefir mikið vatn runnið til sjávar. Reykjavík hefir á tveimur kynslóðum breytzt úr litlum bæ í myndarlega borg, að vísu mannfærri miklu en aðrir höfuðstaðir

## Lungu borgarinnar.

Það er ekki nóg að sjá bæjarbúum fyrir rafmagni, vatni, götum og húsum. Huga þarf líka að hollustuháttum í borginni okkar, og kom þetta mæta vel fram í snjallri ræðu, sem Gunnar Thoroddsson borgarstjóri, flutti á þjóðhátíðardaginn. Hann ræddi þar um það, sem kallast hefir verið „lungu borgarinnar“, og átti hann þá við opin svæði, garða, tún, þar sem bæjarbúar geta dvalizt og hvílt, hafzt við með börn sín, fjarri umferð og erli á götunum. Borgarstjórinn gat ýmissa framkvæmda, sem bærinn hefir beitt sér fyrir á undanförunum árum og brá upp mynd af Reykjavík framtíðarinnar.

Enginn myndi nú vilja missa Hljóm-skálagarðinn (Tjarnargarðinn), sem um allmörg ár hefir verið vinsæll dvalarstaður á fögurum sumaröðum. Þá er Hallargarðurinn svo nefndi við Fríkirkjuveg vinsæll, en þar hefir verið unnið af mikilli smekkvísi. Hvítleiðir múrveggir hafa verið rifnir, gangstígar lagðir, skrautblómum komið fyrir, og þetta hafa bæjarbúar kunnað að meta.

Þá mun ekki líða langur tími þar til glæsilegur skemmti-

Norðurlanda, en eins nýtzkulega. Það hefir verið gefa þess bæjarfélags, að stjórndur þess hafa yfirleitt verið mætir menn, forsjalir en þó varkárir, sem gættu þess að reisa sér ekki hurðarás um öxl á uppaxtarárunum. Undanfarna áratugi hefir öruggur meirihluti Sjálfstæðismanna farið með stjórn bæjarmálanna og á örfáum undanförunum árum hafa orðið hér í bæ stórstígari framfarir en þá bjart-sýnustu gat dreymt um. Allir víðurkenna „að gott sé að eiga heima í Reykjavík. Hér eru meiri þægindi en nokkrum staðar annars staðar á landinu, bæjarfélagið gerir meira fyrir íbúana en dæmi eru til annars staðar á Norðurlöndum.

Húsakostur hefir stórþatnað hér í bæ, atvinnulíf stendur með blóma, skólar og sjúkrahús rísa af grunni, nýjar götur eru gerðar og aðrar endurbættar. En allt er þetta þó aðeins upphaf þess, sem koma skal.

garður verður opnaður þar sem nú heitir Klambatún. Hefir þegar í aðalatriðum verið ákveðið fyrirkomulag þess garðs, en landrými er þar mikið, og þangað munu Reykvikingar sækja fjör og þrótt á ökomnum árum. Þá var og skemmtileg hugmyndin, sem borgarstjórinn minntist á, um samfelldan skemmtigarð frá suðurenda Tjarnarinnar allt til Skerjafjarðar. Að vísu mun þetta ekki gerast nú eða á næsta ári, en þeir, sem á eftir okkur koma, fá þó alla vega að njóta þess.

Peirir hugmynd hefir verið varpað fram að gera gangbraut ofan á hitaveitustokkunum frá Öskjuhlíð og allt upp í Mosfellssveit. Þar yrði þá einstæð gangbraut, snjólaus allan veturinn, og yrði eflaust vinsæl með bæjarbúum, sem yndi hafa af gönguferðum. Að vísu myndi þetta kosta allnokkurt fé, en víst er um það, að fráleitari hugmyndir hafa komið fram. En úr því, að farið er að minnast á fegurð Reykjavíkur og fegur, væri ekki úr vegi að víkja að ódauninum, sem grúfir yfir bænum frá fiskimjólsværsmiðjunni á Kletti í austanátt. Þar verk verk-

## VEGIR

OG

## VEGLEYSUR

EFTIR Viðförla

Íðubrúin nýja er mikið og fallett mannvirki og þá ekki síður góð samgöngubót. Og á nægjulegt er það, að umhverfi hennar er óvenju fallett og vinalagt. Vegna hins mikla jarðhita virðast þarna öll skilyrði til að upp muni rísa blómlegt sveitapörp þá fram líða stundir. Og svo er sögustaðurinn mikli Skálholt á næstu grösom. Hann er nú, eins og fuglinn Fönix, að rísa úr öskunni og vonandi að ríkis- og kirkjuféður landsins beri gæfu til að gera veg hans sem mestan og forðist hatramma flokkadrætti og deilur um það mál.

En vegurinn báðu megin brúarinnar er slæmur, og þó sérstaklega að austan. Meðfram endilöngu Vörðufelli liggur vegurinn eftir blautlendi og vegna þess að fram að þessu hefur umferð verið heldur lítil þarna, þá er hann afar mjúkur og kantar hættulegir. Auk þess eru nú í honum mörg slæm hvörf. Undarlegt að vinnuflokkurinn, sem nú starfar að vegalagningu við brúna skuli ekki vera búinn að „spandera“ nokkrum bílum af mól í þau.

Ferðaskrifstofan Orlof hefur lítið heyrst nefnd nú í vor og er það nýlunda, því frá því hún tók til starfa fyrir um það bil 5 árum hafa forráðamenn hennar séð um að hennar væri oft og víða getið, eins og síður er góðra auglýsingamanna. Það mun á allra vitorði að þetta fyrirtæki er í alvarlegum kröggum, og af sumum talið vafasamt hvort það eigi viðreisnar von. Fyrir flesta munu það leið tíðindi, því þetta fyrirtæki naut mikilla vinsælda að verðleikum. Með stofnun þess má segja að orðið hafi þáttaskil í ferðamálum hér á landi og landsmenn kynnst þjónustu, sem þeir áður höfðu ekki vanist. Hvernig svo sem úr rættist um framtíð þessa fyrirtækis munu fjölmargir minnst þess hlýlega og víst er um það að ef stórhugur og ofraun hefir orðið því að fótakelli, þá hafði það enga ríkisjötu til að hlaupa í.

efni, sem bæjarstjórn tætti að sinna hið bráðasta. Vitað er, að unnt er að koma fyrir tækjum sem eyða óþef í slíkum verksmiðjum. Hefir þetta meðal annars verið gert við svipaðar verksmiðjur í Bandaríkjunum og tekur ízt ágætlega. Má minna á tilögur Gísla verkfræðings Halldórssonar um þessi mál. Það eru ekki aðeins tilmæli bæjarbúa, að eitthvað verði gert í þessu máli, heldur krafa. Það kostar að vísu nokkurt fé að kippa þessu í lag, en því fé er vel varið, sem notað verður til þess að losa okkur við þenna vafasama yndisauka.

Ferðaskrifstofa Páls Arasonar er ungt fyrirtæki og virðist nú vera að færast í aukana á rústum Orlofs. Um fyrirgreiðslu þeirrar stofnunar hafa mér borist allmargar umsagnir og því miður nær allar neikvæðar. Ef trúa má sögum sumra þeirra sem fóru á vegum Páls Arasonar í sumar af utanlandsferðum

hans, þá hafa þær verið gerðar af óþarfliga lítilli fyrirhyggju og eiginlega furða að ekki skuli hafa verið fylgst með þeim málum af hinni opinberu ferðaskrifstofu. En svo virðist, sem innanlandsferðirnar séu, a. m. k. sumar, lítið betri. Í fyrrasumar fór háttsettur útlendingur, er hér dvelur og er mikill ferðamaður, í öræfaferðalag á vegum Páls Arasonar. Reynsla hans var næsta ömurleg og sízt til landkynningar fallin. Forstöðumaður þessa fyrirtækis virðist ekki vera búinn að átta sig á því að hinar gömlu göndulsferðir eru að hverfa úr sögunni og að nú vill fólk fá betri aðbúnað og fyrirgreiðslu en á meðan allt var sem frumstæðast.

## Minnisbók ferðamanna, BORGARJARDARHÉRUD:

**Ferstikla:** Stendur á afar fögrum stað, fáein sáemileg gistiherbergi, matsalur snotur, snyrtiherbergi heldur lítil en oftast hrein. Matur í meðallagi en lipur afgreiðsla.

**Hótel Akranes:** Húsakynni allgóð og herbergi líka. Hluti af matsal mjög dimmur. Snyrtiherbergi rúmgöð en á stundum illa þrifin. Matur hefur fengið heldur lélegt orð síðasta ár og afgreiðsla mætti vera betri.

**Skálinn við Hvítárbrú:** Húsakynni sáemileg og staðurinn afar hentugur, sem áningastaður. Snyrtiherbergi þröng. Matur lélegur.

**Hótel Borgarnes:** Ný og vönduð húsakynni, herbergi rúmgöð og snyrtileg. Snyrtiherbergi fullnægjandi. Matsalur óvenju vistlegur. Matur yfirleitt góður og afgreiðsla og viðmót eins. Farið ekki framhjá Borgarnesi.

**Bífróst:** Þarna er án efa vandaðasti sumargististaður landsins í afar fögru umhverfi enda allt nýtt af hálínni. Þó eru sum rúmin þarna ekki góð. Matur er of misjafn og á stundum nokkur von til vegna annríkis. Þarna er oft leiðinda bið eftir mat og það eins þó hann hafi verið pantaður. Þjónustufólk nokkuð misjafnt. Svona staður verður að vera vandur að virðingu sinni.

**Hreðavatnsskáli:** Vigfús vert hefur haft mjög gott af samkeppninni við hinn nýja nágranna, þó að enn megi hann um bæta, sérstaklega snyrtiherbergin.

Viðförla.

## Sá móður og systkini eftir rúmlega hálfri aldar fjarvistir.

## Saga um happdrættisvinn-ing heima á Íslandi.

Sú nýlunda skeði á síðastliðnum vetri að Akureyringur einn, sem skildi við móður sína fyrir rúmlega hálfri öld, hittihana í fyrsta sinni eftir öll þessi ár.

Maður þessi sem hér um ræðir heitir Sveinn Þorsteinson, en foreldrar hans Þorsteinn Sveinsson og Kristín Jóhannesdóttir er bjuggu að Sundi í Höfðahverfi við Eyjafjörð. Þegar Sveinn var á 2. aldursári fóru foreldrar hans allflutt til Vesturheims árið 1905 og ætluðu að taka Svein með sér. Ætluðu þau að taka skip á Seyðisfirði, en áður veiktist Sveinn svo hastarlega að ekki þótti ráðlegt að taka hann með. Varð því að ráði að hann var skilinn eftir hjá þeim hjónum Birni Gunnarssyni og Þóru Jónsdóttur á Kljástroönd, og var hugmyndin að hann yrði sendur á eftir foreldrum sínum eins fljótt og tók væru á. En ekki treystu foreldrar Sveins sér að biða eftir að syninum batnaði, því bæði var það að þau voru búin að selja búslóð sína hér heima og búin að panta far með skipinu utan, svo og að gera aðrar ráðstafanir í sambandi við komu sína vestur.

Ekki varð samt af því að Sveinn færi á eftir foreldrum sínum. Honum líkaði vel hjá föstru sínum og föstru á Kljástroönd og ólst upp hjá þeim í góðu yfirleiti og við ágæta aðbúð. Þó mun hann hafa skrifast á við foreldra sína lengst af, en Þorsteinn faðir hans dó fyrir 5 árum. Bjóst Sveinn ekki við því að sjá maður sína framari lífanda lífi og var búinn að sætta sig við þau örloög. En í vetur sem leið varð skyndilega breyting á þessu. Sveinn vann stóran vinning í happdrætti og hugsaði að peningunum væri ekki til annars betur varið en skreppa vestur um haf og hitta móður sína og systkini, sem hann hafði ekki séð í 53 ár.

Sveinn flaug vestur til Ameríku um miðjan marz mánuð, ásamt konu sinni, og dvöldu þau vestra í heilan mánuð í bezta yfirleiti. Hitti Sveinn þar móður sína 84 ára gamla, sem hann hafði ekki séð í 53 ár, ennfremur þrjú systkini sem höfðu kvatt hann sjúkan áður en þau fóru héðan alfarin, og öll voru eldri en Sveinn. Þá hitti Sveinn þar ennfremur systkini, sem voru yngri en hann og hann hafði aldrei séð áður. Urðu af



## Erlendis er öl og gosdrykkir einungis selt gegn staðgreiðslu.

### Greinargerð framleiðenda út af söluveitunni á öli og gosdrykkjum.

Dagblaðinu Vísi hefir horizt eftirfarandi greinargerð frá Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni og Sanítas vegna sölubanns kaupmanna o. fl. á framleiðslu fyrirtækjanna:

Um síðastliðin mánaðamót tilkynntu Ölgerðin Egill Skalla grímsson og Sanítas félagasamtökum kaupmanna og öðrum, er dreifingu á framleiðslu verksmiðjanna önnuðust, að framleiðsla verksmiðjanna, öl og gosdrykkir, yrðu aðeins seld gegn staðgreiðslu frá 1. júní að telja, en fyrir þann tíma höfðu nokkur lánsviðskipti milli kaupmanna og verksmiðjanna átt sér stað. Auglýsing í samræmi við þetta var birt, frá Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni, í blöðum og útvarpi.

Ástæðan til þessa var sú, að verksmiðurnar þurfa nú að greiða um 50% af verksmiðjuverði öls og gosdrykkja í framleiðslutoll og sölskatt, auk allra annarra opinberra gjalda, en verksmiðurnar bera auðvitað fulla ábyrgð á greiðslu skatta þessara.

### Stjórnmalaleiðtogar æskulýðs hittast.

Í Chaillot-höllinni í París, aðalstöðum Atlantshafsbandalagsins, verður dagana 7.—11. júlí n.k. efnt til ráðstefnu leiðtoga stjórnmalafélaga æskulýðs á Vesturlöndum, og er það fyrsta ráðstefna sinnar tegundar.

Tildrög ráðstefnunnar eru þau, að forsætisráðherrar bandalagsríkjanna og nefnd sú, er fjallaði um starfsemi bandalagsins ekki alls fyrir löngu, urðu á eitt sátt um gagnsemi þess, að yngri menn úr röðum stjórnmalamanna hittast og réðu ráðum sínum. Og verða einkum valdir til þátttöku þeir, sem ætla má að síðar meir veljist til forustu í málum þjóðar sinnar.

Þátttakendur ráðstefnunnar verða frá öllum 15 ríkjum Atlantshafsbandalagsins auk áheyrnarfulltrúa frá Svíþjóð og Austurríkis, samtals fulltrúar rúmlega 45 flokka. Af Íslands hálfu munu „Samtök um vestræna samvinnu“ væntanlega hafa milligöngu um þátttöku, en þau samtök voru stofnuð hér í vetur af áhugamönnum um starfsemi Atlantshafsbandalagsins. Er þess vænt, að lýðræðisflokkarnir þrjú sjái sér fært að senda fulltrúa.

Þessu hinir mestu fagnaðarfundir, og varð ferðin öll vestur eitt samfelld ævintýri fyrir þau hjón bæði.

Hugmyndin hafði verið allt frá öndverðu að Sveinn færi í heimsókn vestur, eða þá að foreldrar hans kæmu í heim sókn til Íslands, en efnahagurinn hafði á hvorugan veginn leyft þetta fyrir en nú í vetur að sonurinn hneppi happdrættisvinninginn sem að framan getur.

Viðbrögð nokkurra kaupmanna, við þessu breytta sölu- fyrirkomulagi urðu þau, svo sem kunnugt er, að þeir fengu samþykkt í félagssamtökum sínum að sett yrði sölubann á framleiðslu verksmiðjanna í verzlunum félagsmanna. — Mikill meirihluti kaupmanna hafði þó fyrir þann tíma greitt vöruna við móttöku.

Var ekki einasta sett sölubann á sölu öls og gosdrykkja frá verksmiðjunum, heldur einnig á sölu á annarri framleiðslu Sanítas, allskonar efnagerðarvörum, sem þó var boðin til sölu með óbreyttum söluskiðmálum.

Verksmiðurnar vilja geta þess, að fyrir nokkur árum ákváðu kaupmenn sjálfir að selja vöru sína einungis gegn

staðgreiðslu til neytenda, og enginn virðist hafa haft neitt við það að athuga.

Þegar Coca-Cola hóf framleiðslu sína hér á landi fyrir nokkrum árum, seldi verksmiðjan framleiðslu sína aðeins gegn staðgreiðslu til kaupmanna, og gerir enn þann dag í dag, og virðist það alveg áttölulaust af hálfu kaupmanna, og ekki sett á Coca-Cola neitt sölubann, hvorki fyrir né síðar. — Enda er það svo, að framleiðsla öls og gosdrykkja er fljótseld vara, sem kaupmenn að jafnaði þurfa ekki að liggja með nema stuttan tíma. — Hvergi erlendis er oss kunnugt um að framleiðsla öls og gosdrykkja sé seld á annan hátt en gegn staðgreiðslu, annað er fyrir löngu talið úrelt fyrirkomulag.

Að lokum viljum vér taka fram almenningi til leiðbeiningar, að verksmiðjurnar eru starfræktar eins og verið hefir og vér erum reiðubúnir að selja framleiðslu vora gegn staðgreiðslu.

h.f. Ölgerðin Egill Skallagrímsson. Sanítas h.f.

## Lengsta sumarferð F.Í. hefst 2. júlí.

### Farið verður um Norður- og Austurland.

Þann 2. júlí næstk. hefst 13 daga ferð um Norður- og Austurland og um leið lengsta sumarleyfisferð Ferðafélags Íslands á þessu sumri.

Verður farið alla leið austur á Norðfjörð, auk þess um Fljótsdalshérað og Borgarfjörð eystra. Á norðurlieðinni verða þessir staðir skoðaðir meðal annars:

Vatnsdalur, miðbik Skaga- farðar, Akureyri, Vaglakógur, Goðafoss og Mývatnssveit, en þar verður dvalist daglangt.

Á Austurlandi verður gíst á Egilsstöðum og í Hallormstaðarskógi. Á vesturleið verður komið að Dettifossi og haldið þaðan ofan í Arnarfjörð og gíst í Ásbyrgi, Grettisbæli skoðað og fleiri staðir, en ekið kvíldið eftir um Reykjaheiði, Húsavík og að Laxárfoss, og Laugar- skóla. Næsta dag verður ekið inn í Eyafjörð, og dvalið síðari hluta dags og næstu nótt á Akureyri. Á bakaleið um Skaga- fjörð, verður úthéraðið skoðað, sögustaðir þess og fleira, en gíst á Hólum í Hjaltadal.

Á suðurleið muni ýmsir staðir í Borgarfirði verða heimsóttir, m. a. Laxfoss, Hreðavatn og Reykholt, en síðan ekið til Reykjavíkur um Uxahryggi og Þingvöll.

Þessi leið er geysi fjölbreytt

### Skilnaður Bergman var í ólagi.

Ítalskur dómari hefur frestað að taka fyrir skilnaðarmál Roberto Rossellinis til loka þessa mánaðar.

Hafði hann óskað eftir því, að dómstóllinn dæmi hjúskap þeirra ógildan, en dómarrinn vill rannsaka málið. Rossellini heldur því fram, að hjúskapur þeirra hafi verið ógildur, því að skilnaður hennar frá fyrri eiginmanni hennar hafi ekki verið fullgildur.

og fögur. Farið verður hægt yfir, og lögð áherzla á að ferðin verði í senn kynnis- og skemmtiferð.

Tjöld verða með í ferðinni, en þeim útvegað gisting á gístistöðum, er þess óska. Eins geta farþegar haft með sér mat eftir því sem hver vill, en keypt einstakar máltíðir.

Nánari upplýsingar um ferðina fást í skrifstofu félagsins Tungötu 5. Sími 19533.

## Pólland

Framh. af 1. síðu.

### Stóðugir fundir.

Miðstjórn pólska kommúnistaflokksins sat á fundi dag og nótt um seinustu helgi og hafði til meðferðar, að sögn, orðsendingu frá Sovétstjórninni. Ef Rússar hótá að beita valdi kunná ýmsir pólskir leiðtogar að hika, því að þeir vilja ekki að örlög Póllands verði hin sömu og Ungverjalands. Talið er, að Rússar hafi sex herfylki í Póllandi.

Pólskir leiðtogar hafa til þessa neitað að birta opinberlega yfirlýsingu um afstöðu sína varðandi aftökurnar í Ungverjalandi, en í einkaviðtölum tala þeir um það sem glæp „að stalinskri hefð“.

### Sorgarlag Chopins.

Pólska útvarpið útvarpar Chopin-hljómleikum á fimmtu dögum. Sí. fimmtudag var án nokkurrar kynningar leikið sorgar- og útfarargöngulag Chopins. Allir vissu þó, að með því var Nagy og Maleter og blaðamönnum tveim vottuð hinna virðing.

Í ritstjórnargrein í Daily Mail í London segir, að Pólverjar hafi ekki gleymt, að „gagn-byltingin“, sem Nagy og hinir voru dæmdir fyrir, byrjaði í Póllandi í júní 1956.

Eftir að Krúsev hafði afneitað Stalín og lýst yfir, að það væru fleiri vegir en einn til sósíalísmans, töldu Pólverjar sig hafa fengið aukið frjálsræði til að láta frelsisvilja sinn í ljós, krafizt var frjálsra kosninga, frjáls búskaparfyrirkomulags o. s. frv. — og burtfarar Rauða hersins. Það var Gomulka, sem bar þær fram, og það var Krú-

sév, þótt furðulegt þyki, sem féllst á sumar. Eða — var það furðulegt? Var Titó í rauninni ekki „Titóisti“ þá — gat hann í rauninni annað?

Ungverjar fóru að dæmi Pólverja, en þeir reyndu að komast skjótt að marki, sem ekki var unnt að ná í einni svipan — og því fór sem fór — frelsishreyfingin var bæld niður. Pólland lærði af reynslu Ungverjalands. Síðan hefir Gomulka orðið að hafa sig allan við að halda jafnvægi sem fjölistamaður á þöndum streng — en sá strengur er nú sem rakhnífsegg, segir Daily Mail.

### Verður ekki tekin opinber afstaða?

Samkvæmt fregnum í gærkvöldi verður ekki tekin opinber afstaða varðandi aftökurnar, og var þetta haft eftir mönnum, sem standa nærri Gomulka. — Talsmaður pólska kommúnistaflokksins sagði í gærkvöldi, að ekki væri um nein fyrrmæli að ræða til flokksfélaganna í landinu, þau gætu túlkað þögn flokksforstunnar í samræmi við eigin skoðanir. — Spurningin er því áfram, hvort Rússar sætta sig við þessa afstöðu eða beita hörðu til þess að kúga flokksforstuna til að lýsa velþökun sinni á aftökunum. Lundúnablöð í gærmorgun tela, að svo kunní að fara, að Krúsev leggi hnefann á borðið þá og þegar.

## Íðnaðarbankinn

Framh. af 8. síðu.

við hina grundvallaratvinnu- og skuli njóta jafnréttis á vegina — landbúnað og sjávarútveg — um nauðsynlegt lánsfé til starfsemi sinnar.

### Húsnaðismál.

Húsakynni hafa jafnan verið þröng, svo sem fyrir var sagt. Bankinn á ágæta lóð við Lækjargötu, þar sem í ráði er að byggja stórhýsi fyrir starfsemi banksins. Er þetta hinn beztí staður, í hjarta bæjarins, móttun Lækjargötu og Vonarstrætis, er verður breikkað, en Lækjargata verður framtíðar aðalmerfðar- að í bæinn. — Ekki stendur á öðru en fjárfestingarleyfi til þess að unnt verði að hefjast handa um bygginguna.

### Vaxandi starfsemi.

Starfsemi banksins hefur farið jafnt og ört vaxandi öll árin og er hann þrátt fyrir ungan aldur og erfða byrjun orðin nokkur fastmótuð stofnun og örugg og nýtur trausts almennings. Sparifé í bankanum nær s.l. áramót kr. 61,5 milljón. Stjórn banksins skipa nú:

Formaður Kristján Jóh. Kristjánsson forstjóri. ritari Sveinn Guðmundsson forstjóri, varaformaður Magnús Ástmarrsson prentari, meðstj. Gum. H. Guðmundsson bæjarfulltrúi og Helgi Bergs verkfræðingur, og voru þeir allir endurkosnir einróma. Fyrri helming undangengins fimm ára tímabils var Helgi H. Eiríksson bankastjóri Íðnaðarbankans, en síðan Guðmundur Ólaf.

Vísir óskar bankanum framtíðarheilla á þessu afmæli hans.



Sýningar á gamansöngleikum „Kysstu mig Kata“ verða aðeins það sem eftir er vikunnar og fram á mánudag. Hér að ofan er mynd af hinum vinsælu söngvörum, sænsku listakonunni Ullu Sallert og hinum ágæta íslenska leikara og söngvara Jóni Sigurbjörnsyni, en þau leika aðalhlutverkinn í söngleikum „Kysstu mig Kata.“